

# Tökum nú höndum saman!

**Mætum og upplifum gamla, góða stemningu.**

**Laugardaginn 27. desember verður flautað  
til leiks í íþróttahúsinu í Vík.**

Munu þar mætast Úrvalslið Umf. Drangs (þetta gamla góða) og blandað lið nokkurra valinkunnra körfuknattleiksmanna af Suðurlandi.

Tilfnið er að leggja góðu málefni lið og verður leikur þessi tileinkaður baráttujaxlinum Jóni Þór Gunnarssyni sem mun verða verndari söfnunarinnar og mun ánafna sínu hugðarefni "Ljósinu" alla afkomu dagsins.

Ljósið er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein / blóðsjúkdóma og aðstandendur þeirra. Markmið Ljóssins er að efla lífsgæðin með því að styrkja andlegan, félagslegan og líkamlegan þrótt.

Mun leikurinn fara fram kl 15:00 og vonum við að sem flestir sjái sér fært að koma og leggja góðu málefni lið

Aðgangseyrir verður 1000 kr. fyrir fullorðna og 500 kr. fyrir börn

Að sjálfsögðu eru frjáls framlög mjög vel þegin.

# VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum**

## JÓLABALL - JÓLABALL - JÓLABALL

**Jólaball barnanna verður í Leikskálum  
sunnudaginn 28. desember frá kl. 15.30 -17.30.**

Hljómsveitin Granít leikur fyrir dansi í kringum jólatréð.

Jólasveinar koma í heimsókn með eitthvað gott í gogginn.

Vöfflukaffi eins og hver getur í sig látið.  
Mýrdælskir hljómlistarmenn spila



Björgunarsveitin Víkverji sér að  
venju um flugeldasýningu.

Aðgangseyrir kr. 600 fyrir 16 ára og eldri  
(reiðufé ekki greiðslukort)



Nefndin



SMÁAUGLYSINGAR



# Jólaball

## Góðir sveitungar



Árleg jólatrésskemmtun verður haldin í félagsheimilinu Kirkjuhvoli laugardaginn 27. des. kl 14:00

Aðgangseyrir f. fullorðna kr 600 f. 6-16 ára 200  
Frítt fyrir börn yngri en 6 ára

Vonumst til að sjá ykkur sem flest

*Gledileg jól*

*Kvenf. Hvöt og Kvenf. Kirkjubæjarkrepps*

## Umhverfisverðlaun Skaftárhrepps Íþróttamaður Skaftárhrepps

Þá er komið að hinum árlega viðburði á Þorláksmessu í Skaftárhreppi, að veita umhverfisverðlaun og útnefna íþróttamann ársins.

Verðlaunaafhendingarnar fara fram á Héraðsbókasafninu á Kirkjubæjarklaustri á Þorláksmessu, 23. desember kl. 16:00. Léttar veitingar.

Umhverfis- og náttúrverndarnefnd.

Æskulýðs- og íþróttanefnd.

## Skrifstofa Skaftárhrepps

verður lokað



Þriðjudaginn 23. desember 2008 og föstudaginn 2. janúar 2009.

Sveitarstjóri

## Breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002 -2014

### Breyting á aðalskipulagi í landi Dalshöfða

Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur samþykkt tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014 - Breyting á aðalskipulagi í landi Dalshöfða. Tillagan var auglýst og lá frammi til kynningar á skrifstofu Skaftárhrepps 5. september 2008 til 17. október 2008. Athugasemdafrestur rann út 17. október 2008 og bárust athugasemdir frá þremur aðilum/stofnunum.

Sveitarstjórn hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til verulegra breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu tillögunnar. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu sveitarstjórnar geta snúið sér til Skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps.

Bjarni Daníelsson  
Sveitarstjóri Skaftárhrepps

Skín í rauðar skothúfur  
skuggalangan daginn,  
jólaveinar sækja að  
sjást um allan bæinn.  
Ljúf í geði leika sér  
lítil börn í desember,  
inn í frið og ró, út í frost og snjó  
því að brátt koma björtu jólin,  
bráðum koma jólin.

Stjörnur tindra stillt og rótt,  
stafa geislum björtum.  
Norðurljósin loga skær  
leika á himni svörtum.  
Jólahátíð höldum vér  
hýr og glöð í desember  
þó að feyki snjó þá í friði og ró  
við höldum heilög jólin  
heilög blessuð jólin.

*( Friðrik Guðni Þórleifsson )*

Uppi á lofti, inni í skáp  
eru jólapakkar,  
titra öll af tilhlökkun  
tindilfættir krakkar.  
Komi jólakötturinn  
kemst hann ekki í bæinn inn,  
inn í frið og ró, út í frost og snjó,  
því að brátt koma björtu jólin,  
bráðum koma jólin.

Ég man þau jólin, mild og góð  
er mjallhvít jörð í ljóma stóð.  
Stöfum stjörnum bláum,  
frá himni háum  
í fjarska kirkjuklukknahljómi.  
Ég man þau jól, hinn milda frið  
á mínum jólakortum bið  
að æfinlega eignist þið  
heiða daga, helgan jólafríð.

*(Stefán Jónsson/Irving Berlin)*

## Sveitarstjórn Skaftárhrepps

óskar íbúum sveitarfélagsins og fjölskyldum þeirra  
nær og fjar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



## Við óskum Mýrdælingum

gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.  
Búnaðarfélag Dyrhólahrepps

## Kæru íbúar Vestur-Skaftafellssýslu.

Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár.  
Þökkum fyrir gott samstarf og vináttu á því ári sem er að  
líða.

Ingólfur, Karítas og börn.

## Óskum íbúum Vestur-Skaftafellssýslu

gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Starfsfólk sýsluskrifstofunnar í Vík

## Óskum Vestur Skaftafellingum

Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum  
ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða

Biladrangur ehf.

Landflutningar Samskip

Vitinn óskar auglýsendum sínum og lesendum  
Gleðilegra jóla og farsælt nýtt ár

## Flatökur og söngur á Þorláksmessu

Páll Rúnar Pálsson syngur nokkur lög af geisladisk sínum kl. 20.30

Kristbjörg á Pykkvabæjarklaustri  
selur heimabakaðar flatökur frá kl. 19 - 23  
Dregið verður úr jólapottinum kl. 21.30  
Sjáumst á Þorlák



Klakkur ehf, Vík S: 487-1223



<u>Opið laugard. 20/12</u>	<u>10 - 16</u>
<u>Þorláksmessa 23/12</u>	<u>8 - 23</u>
<u>24/12</u>	<u>10 - 12</u>
<u>29/12</u>	<u>10 - 16</u>
<u>30/12</u>	<u>10 - 16</u>
<u>31/12</u>	<u>10 - 12</u>

Óskum viðskiptavinum gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs  
Þökkum viðskiptin á árinu.

## Sveitarstjórn

## Mýrdalshrepps



er boðuð til fundar fimm-  
tudaginn 18. desember 2008 kl. 16:00 á  
skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.  
Dagskrá fundarins má finna á auglýsin-  
gatóflu í anddyri skrifstofunnar og á vef  
Mýrdalshrepps [www.vik.is](http://www.vik.is)  
Sveitarstjóri

## Gjafabréfin

fást á Hótel Laka,  
einnig Ziaja kremin,  
frábær í jólapakkann.



Gleðileg jól  
Lilja nuddari.

Halló, mig langar til að deila með ykkur viðburðarríku ári hjá fjölskyldu minni. Ég heiti Linda Agnarsdóttir og er elst fjögurra barna þeirra Agnars Davíðssonar og Ragnhildar Andrésdóttur sem búsett eru á Fossum í Landbroti við Kirkjubæjarklaustur.

Í vor útskrifaðist elsta dóttir mín, Elísabet, úr 1.bekk Engjaskóla í Grafarvogi og hlaut hún þar viðurkenningu sem Fyrirmyndar-nemandi Engjaskóla. Einn nemandi er valinn úr hverjum árgangi af kennurum og öðru starfsfólki skólans og er viðurkenningin fyrir frábæra skólaástandun, einkunnir, hegðun, ofl.

Í vor útskrifaðist svo yngsti bróðir minn, Hlynur Þór Agnarsson, úr Verzlunarskóla Íslands og varð því fjórði og síðasti stúdent systkinahópsins en hin tvö systkinin heita Íris Rut og Davíð Andri.

Þann 9. september s.l. fæddi ég svo þriðju dóttur mína sem var rúmar 18 merkur og 53 cm. Hún var skírð í Prestbakkakirkju á Síðu þann 25.október s.l. og fékk hún nafnið Amelía Íris. Hinar dætur mínar eru Elísabet 7 ára og Ísabella Karítas 3 ára.

Mig langar einnig til að nota tækifærið og óska sveitungum mínum nær og fjær gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári.

Jólaþak, Linda Agnarsdóttir

### Umboðsmaður jólasveinsins

verður í húsi björgunar-sveitarinnar Víkverja á Þorláksmessukvöld kl: 20.30-21.00.

Grýla



Elísabet er lengst til vinstri



F.h. Ragnhildur Andrésdóttir, Linda Agnarsdóttir, Hlynur Þór Agnarsson, Íris Rut Agnarsdóttir, Davíð Andri Agnarsson, Agnar Davíðsson



Elísabet 7 ára og Ísabella Karítas 3 ára með litlu Amelíu Írisi

## Guðsþjónustur í Skaftárhreppi jólin 2008.

### 24. des. Aðfangadagur

Minningarkapella sr. Jóns Steingrímssonar - Miðnæturmessa kl. 23.30. Almennur safnaðarsöngur.

### 25. des. Jóladagur

**Prestbakkakirkja** - hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00.

**Klausturhólar** - hátíðarguðsþjónusta kl. 15.30.

Kirkjukór Prestbakkakirkju syngur í báðum guðsþjónustunum undir stjórn Brians Rogers Haroldssonar, organista.

### 26. des. Annar dagur jóla

**Grafarkirkja** - hátíðarguðsþjónusta kl. 11.00.

**Langholtskirkja** - hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00.

**Pykkvabæjarklausturskirkja** - hátíðarguðsþjónusta kl. 16.00.

Ásakórinn syngur í öllum guðsþjónustunum undir stjórn Brians Rogers Haroldssonar.

### 31. des. Gamlárskvöld

**Minningarkapella sr. Jóns Steingrímssonar** - aftansöngur kl. 18.00.

Kirkjukór Prestbakkakirkju syngur undir stjórn Brians Rogers Haroldssonar. Jóna Sigurbjartsdóttir, oddviti flytur hugvekjju.

Ingólfur Hartvigsson, sóknarprestur



## Vatnaskil eða að pissa upp í vindinn

Miðvikudaginn 10. des. sl. birtist grein í Vitanum með yfirskriftinni "Vatnaskil í umræðu um þjóðveg 1 í gegnum Mýrdalinn" og undirskriftin er Samráðs-hópur íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal. Hverjir sem þeir nú eru, því engin er undirskriftin.

Þar sem um margar rangfærslur og útúrslúninga er að ræða vil ég rekja nokkur atriði sem vægast sagt eru rangtúlkuð og dregin úr samhengi.

1. Ég hef ekki séð í umræddri greinagerð Vegagerðarinnar að hún mæli með núverandi vegastæði. Þar stendur orðrétt: " *Líkt og reglur um mat á umhverfisáhrifum segja til um verður núverandi vegur einnig settur sem kostur. Lína 1 er þjóðvegur nr. 1 óbreyttur*".

2. Það eru engin ný sannindi að vegur með göngum í gegnum Reynisfjall verður margfalt dýrari en gamli vegurinn, enda nást ekki með lagfæringu á gamla veginum þau markmið sem að er stefnt.

3. Samkvæmt teikningum á lagfæringum á gamla veginum (lína 2) er miðað við að gera nýjan veg frá Skammadal og mun sunnar yfir ræktuð tún allra bæja austan Deildarár, til þess að ná beiningu í einu sniði upp Gatnabrún. Þessi vegagerð ein færi yfir fleiri tún og nytjalönd heldur en sú veglína þyrfti að gera sem tillaga hreppsins mælir með.

4. Þrátt fyrir hugsanlegar breytingar á núverandi vegi næðist veghalli ekki minni en rúm 7% að dómi Vegagerðarinnar og vegurinn færi upp í sömu hæð og hann er eða í um 120 metra hæð. Vegstytting yrði sama og engin og um sama misvinda og snjóasvæðið að fara og verið hefur.

5. Þá myndi þjóðvegurinn eftir sem áður fara í gegnum Víkina, svo að segja á milli húsa.

6. Eftir sem áður þyrftum við að gera veg með ströndinni sunnan við Víkina til þess eins að koma grjóti í fyrirhugaðarn sjóvarnagarð og þeir grjóttflutningar þyrftu þá einnig að fara í gegnum Víkina.

7. Það er því fjarri lagi og nánast öfugmæli að segja að endurbætur á þjóðvegi 1 um Gatnabrún marki þáttaskil og leggi grunn að öryggi og samstöðu um þessa leið. Þvert á móti er hún gjörsamlega á skjön við hugmyndir Vegagerðarinnar sbr.bls.24 í greinargerðinni. Einnig eru um 80% Mýrdælinga og um 98% flutningabílstjóra sem um veginn fara á móti núverandi vegastæði um Gatnabrún. Að mínum dómi er ekki unnt að tala um vatnaskil í þessari grein heldur öllu frekar að höfundur greinarinnar eða höfundar séu að pissa upp í vindinn og bunan hittir engan fyrir nema þá sjálfa. Aðrar fullyrðingar í greininni eru varla svaraverðar, enda órökstuddar og margar fullar af lífríkiskjafaþæði og svartsýnis bölmóði. Ég get verið sammála greinarhöfundi að "*Hér séu í húfi framtíðarhagsmunir atvinnulífs innan og utan héraðs, ekki síst ferðaþjónusta og landbúnaðar*". En þeir hagsmunir verða í einu og öllu best tryggðir með nýjum láglandisvegi ásamt göngum í gegnum Reynisfjall og vegi sunnan Víkurþorps.

Reynir Ragnarsson



## Víkurskáli, Skaftáarskáli og Vínbúðir

### Opnunartímar yfir jól og áramót

	opnunartímar	ÁTVR
Þorláksmessa 23. desember	9-20	16-19
Aðfangadagur jóla	9-12 grillið lokað	10-12
Jóladagur	lokað	lokað
Annar dagur jóla	12-18	lokað
Þriðjudagur 30. des	9-20	16-19
Gamlársdagur	9-12	10-12
Nýársdagur	lokað	lokað
Annar í nýári	9-20	17-18

*Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.  
Með þökk fyrir gamla árið.*

*Starfsfólk Víkurskála og Skaftáarskála*

## Skötuveislan á Þorláksmessu

Að venju bjóðum við upp á Skötu og Saltfisk í hádeginu á Þorláksmessu



*Ströndin*  
BISTRO & BAR

Víkurskáli / Ströndin

# Íþróttamiðstöðin Kirkjubæjarklaustri

verður opin sem hér segir um jól og áramót:

23. des. Lokað  
24. des. Lokað  
25. des. Lokað  
26. des. Lokað  
27. des. Lokað  
28. des. Lokað



29. des. opið frá kl. 17-20  
30. des. opið frá kl. 17-20  
31. des. Lokað  
1. jan. Lokað  
2. jan. Lokað

Umsjónarmaður



Bráðum koma  
(Jóhannes úr Kötlum)

Bráðum koma blessuð jólin börnin fara að hlakka til. Allir fá þá eitthvað fallett í það minnsta kerti og spil.

Hvað það verður veit nú enginn, vandi er um slíkt að spá. En eitt er víst að alltaf verður ákaflega gaman þá.

Ný netverslun -  
[www.fallegfot.com](http://www.fallegfot.com)  
Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt.

VITINN á  
[www.sudurland.net](http://www.sudurland.net)



Máske þú fáir menn úr tini, máske líka þetta kver. Við skulum bíða og sjá hvað setur seinna vitnast hvernig fer.

En ef þú skyldir eignast kverið, ætlar það að biðja þig að fletta hægt og fara alltaf fjarskalega vel með sig.



kerfisins fær tvær stjórnur og 77% þrjár stjórnur. Hæst er gefið fjórar stjórnur. Hér í Mýrdalnum frá Litla-Hvammi að Vík er tveggja stjórnur vegur og er það með öllu óásættanlegt. Eins og segir í EuroRap-skýrslunni, vitnað í grein samgönguráðherra. "Vegagerðin hefur síðustu misserin í stórauðnum mæli tekið mið af nýjum viðhorfum og stöðlum er varða öryggi vega og umhverfi þeirra. Við hönnum nýrra umferðarmannvirkja er strax á fyrsta stigi horft til öryggisþátta ekki síður en annarra þátta sem skipta máli við hönnun, svo sem hagkvæmni og umhverfis."

Að lokum, allt tal um að ferðapjónustan muni stór skadast er rétt og slétt bull rökþrota manna sem tína allt til sem hugsast getur. Munum að bætтар samgöngur eru ferðapjónustu ávallt til hagsbóta. Komi þessi vegur frá Dyrhólaey til Víkur gegnum göng í Reynisfjalli, munu ferðalangar komast á klósett í Vík en ekki hefur tekist að koma þeirri aðstöðu upp á Dyrhólaey þó reynt hafi verið í s.l. 20-25 ár. Jafnframt hefur verið sýnt fram á að bætтар samgöngur hafa alltaf hækkað landverð, samanber Borgarfjörð og Snæfellsnes.

Allt þetta er þó hjóm eitt á móti því að fá öruggan veg sem hlýtur að létta lund þeirra sem eiga börn á grunnskólaaldri. Umferðaröryggi, sjóvörn ásamt sandfoksvörn við Vík mun verða baráttumál samtakanna. Það verður barist fyrir því að sjóvarnir valdi ekki sjónmengun eins og áformað er. Það verður barist af hörku gegn því að hvönnin, þó góð sé, verði friðuð austan í Reynisfjalli. Sjóarmið samtakanna samrýmist þeim áformum samgönguyfirvalda að auðvelda samgönguleiðir innan sveitarfélaga og gera þær öruggari, ekki síst innan vinnu- og skólasvæða. Við berjumst fyrir hagsmunum fjöldans og þrátt fyrir að hagsmunir okkar heimamanna

vegi þyngst, þá opnast öllum öðrum greiðfærari og öruggari vegur. Stjórn samtakanna, sem í eru á annað hundrað manns og fer stöðugt fjölgandi, þakkar þann stuðning sem hún hefur hlotið, ekki síst frá sveitarfélaginu Hornafirði o.fl.

Við munum leita allra leiða til að standa undir væntingum.

Höfðabrekkur, 14. des. 2008.

F.h. Betri byggðar í Mýrdal.  
Jóhannes Kristjánsson formaður

## Frá Vitnum og Fréttabúa

Síðasti Viti fyrir jól kemur út á Þorláksmessu, þriðjudaginn 23. des. Auglýsingar þurfa að berast kl. 9 mánudagsmorgun 22. des.

Síðasti Viti á árinu 2008 kemur út þriðjudaginn 30. des. Auglýsingar þurfa að berast kl. 9 mánudagsmorgun 29. des.

Fréttabú er farinn í dreifingu. Auk þess að berast áskrifendum í pósti fæst hann í lausasölu í Kjarval í Vík og á Klaustri.

Bláðið, sem er 64 síður, er fullt af fróðleik samkvæmt venju.

## Svar við grein Samráðshóps íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal.

Frá: **BETRI BYGGÐ Í MÝRDAL**, áhugasamtökum um bætta samgöngur, jarðgöng um Reynisfjall og byggingu sjóvarna- og sandfoksvarna við Vík.

Fram kemur í greininni að unnt sé að gera verulegar endurbætur á núverandi veglínu. Fullyrðing, sem engum þarf að koma á óvart, jafn lélegur og vegurinn er. Minnt skal á áratuga framkvæmdir við Gatnabrún. Slæm hugmynd að halda þeim áfram. Lagfæring á núverandi vegi breytir ekki þeim sviptivindum sem eru við Grafarhól. Hún breytir heldur ekki því að áfram mun hrynja grjót á veginn inn úr Fjalli. Miklir sviptivindar verða líka oft í Skeifnadal, við Heiðarvegamót og víðar og ekki minnka örðugleikar vegfarenda í brekkunum í vetrarfærð.

Þá að tillögum vegargerðarinnar.(slóð)  
<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/onnurskjol/>

Lína 1: Núverandi vegur óbreyttur. Þar segir, vegurinn lagður í töliverðum bratta 10-12% yfir Gatnabrún í allt að 119 m hæð. Vegurinn yfir Gatnabrún hefur reynst farartálmi sökum snjóá, hálfu og sviptivinda. Jafnframt mundi vegurinn fara áfram í gegnum Vík og kljúfa þorpið. Ófær leið.

Lína 2: Svipuð og lína 1, þ.e. breyting á núverandi vegi, halli færi í 7% í Gatnabrún. Vegurinn færi áfram í gegnum Vík. Flestir búnir að fá nóg af lagfæringu í Gatnabrún. Eins og segir í skýrslunni undir liðnum gallar, liggur enn hátt í landi, miklar skerðingar og fyllingar og vegurinn liggur um þéttbýlið í Vík.

Lína 3: Liggur næst þeirri línu sem er í drögum að aðalskipulagi og samþykkt var í skipulags- og byggingarnefnd ásamt sveitarstjórn í júní 2007. Að okkar mati í stjórn Betri byggð í Mýrdal er vel framkvæmanlegt að leggja veginn fyrir framan íspróttavöllinn með því að færa sjóvarnargarðinn sunnar en binda sig ekki við það að sjóvörnin verði að koma þar sem núverandi flóðvörn er. Að klæða núverandi fjörुकamb varnar ekki einungis áframhaldandi rofi heldur er það eina leiðin til að stöðva sandfok yfir byggðina. Verði Siglingamálastofnun ekki við færslu sjóvarnargarðsins er ekki um neitt annað að ræða en þvergirðing stofnunarinnar sem vantar skiljanleg rök fyrir. Vegurinn vestan Reynisfjalls liggur síðan á bökkum Dyrhólaóss sem er gott, ver bakkana fyrir landbroti og er utan við verndarsvæði, klýfur ekki bújarðir nema að mjög litlu leyti. Allt tal um ósnortið land er fráleitt því mið Mýrdalurinn er meira og minna sundur grafinn.

Lína 4: Vegur fyrir ofan Vík og norðan við Kirkjugarð sem kemur niður austur undir Víkurkletti, kemur ekki til greina, svo vitlaus er hugmyndin.

Lína 5: Kemur heldur ekki til greina, þverar allar bújarðir í Mýrdalnum. Fráleit leið.

Að framansögðu má sjá að minnst jarðvegrask verður með því að fara með veginn eftir línu 3.

Í EuroRap-verkefninu sem er staðlað gæðamat á vegakerfinu og er blákalt mat á því hvort umferðarmannvirki eru örugg. Nú liggur fyrir gæðamat á íslenska vegakerfinu eða 2500 km. Um 22.7% vega-

## Minum á Þrjónakaffihúsið

á Halldórskafti 18. des. kl. 20.30

*Nú mæta allir í jólasþápi í kakó til Kollu,*

*Kvenf. Hvamshrepps*

### 3 hreinræktada border collie hvolpa vantar heimili.

*1 tík og 2 hundar, eru fædd 25. sept.  
uppl. hjá Óla á Reyni s. 487-1434 / 863-1434*



## Fundarboð

Sjálfstæðisfélag V-Skaftafellssýslu, FUS Hjörleifur og Fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna boða til félagafundar miðvikudaginn 17. desember n.k. kl. 20:30 að Hótel Geirlandi.

Fundarefni:

Kjör fulltrúa á landsfund Sjálfstæðisflokksins sem fer fram 29. janúar til 1. febrúar 2009.

Formenn



Hella og Hvolsvöllur: Opíð á sun. 12-18

- GLEÐILEG JÓL -

10 stk. í pk.  
**429** HR.  
 PK.  
 Nesbu egg

Jólaflögurt m/  
 Jafnarberjum  
**10%** afsláttur

Umber græn  
**699** HR.  
 KG

Mackinngtosh  
 2,9 kg  
**4199** HR.  
 SIKK.  
 Quality Street

Ferskt rauðkál  
**229** HR.  
 PK.

Konfektíu  
 poki 1,3 kg  
**369** HR.  
 PK.

Fersk ber  
 í úrvali

1 kg  
**2499** HR.  
 KG  
 Noa Konfektí

3 stk. í pk.  
**349** HR.  
 PK.  
 Super smittubrauð  
 Hv bagu  
 Hvedde

15 stk. í pk.  
**298** HR.  
 PK.  
 Super smábrauð  
 Mini flutur

Jólablándi  
 0,5 l  
**99** HR.  
 SIKK.  
 JÓLA  
 BLÁNDI

Merrild kaffi  
 500 g  
**529** HR.  
 PK.  
 Merrild

Ommu laurbrauð  
 steikt 15 stk.  
**1739** HR.  
 PK.

Coke 2l kippa  
 4 pk.  
**649** HR.  
 PK.

Ora granar  
 baunir  
**149** HR.  
 SIKK.

maiskorn  
 Ora  
**199** HR.  
 SIKK.

Opal seafood  
 forrettalax  
**15%** afsláttur

Opal seafood  
 fjölskyldulax  
**15%** afsláttur

Fjörtskur  
 lúksúrkjálja 500g  
**998** HR.  
 PK.  
 LÚKSÚR  
 KJÁLJA

Sætar  
 kartöflur  
**399** HR.  
 KG

Pykkvæjar for-  
 söðnar kartöflur  
**499** HR.  
 PK.  
 Skrekkartöflur

Ostaterur blöðpelsinu  
 & herslínitu  
**20%** afsláttur

6-8 manna  
 Eimmess ískaka  
**1998** HR.  
 SIKK.  
 ISKAKA

lím dagone-  
 skinka  
**1618** HR.  
 KG  
 ÍSLENSK  
 MANTAL

lím hangilætri  
 úrbelnað  
**2398** HR.  
 KG  
**20%** afsláttur

lím hangitram-  
 partur úrbelnaður  
**1798** HR.  
 KG  
**20%** afsláttur

lím hamborgar-  
 hrygur m/beiði  
**1329** HR.  
 KG  
**30%** afsláttur

Grfsabogur  
 hringskorinn  
**498** HR.  
 KG  
**40%** afsláttur

KFA hangitrampartur  
 sagður í poka  
**878** HR.  
 KG  
**20%** afsláttur

**KJÓVAL**

**KJÓVAL**

ÖLL VÆÐI ERU BERT HEBB FRYRVARA UM ÞREYTLIÐU OG/ÞÁ MYNABENGLI